

Fundur laganefndar
27. febrúar 2025

Mættir eru nefndarmenn laganefndar:

- Arnar Heimir Lárusson, formaður
- Hermann Vilmundarson
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Fundargerð ritar Arnar Heimir Lárusson.

Fundur hefst kl. 20:00 í fundarsal í Samskipahöll.

Á fundinum var fjallað um tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Tillögur bárust frá stjórn félagsins, Lilju Sigurðardóttur og Davíð Áskelssyni. Liggja þær fyrir á fundi laganefndar.

Upplýst er um að birtar samþykktir séu frá aðalfundi 2019. Breytingar síðan, hafi þær verið gerðar, hafa ekki verið færðar til bókar, engar fundargerðir finnast og því óljóst hverjar þær breytingar kunna að vera.

Laganefndin ályktar samhljóma um að gild lög fyrir félagið séu þær samþykktir sem birtar eru á vefsíðu félagsins. Breytingatillögur munu taka mið af því.

Farið er yfir þær tillögur sem nefndinni hafa borist.

I. Tillögur stjórnar:

Stjórn félagsins sendi laganefnd tillögur að breytingum á samþykktum félagsins. Laganefnd leggur til að eftirfarandi tillögur á breytingum á samþykktum félagsins verði lagðar til á aðalfundi, í samræmi við tillögur stjórnar:

- a) Í 4. tölul. 2. mgr. 2. gr.: Í stað „*góðhestakeppnir*“ komi „*gæðingakeppnir*“.
- b) Í 1. másl. 4. gr.: Í stað „*1. janúar ár hvert*“ komi „*15. mars ár hvert*“.
- c) Í 1. másl. 5. gr.: Í stað „*1. janúar ár hvert*“ komi „*1. apríl ár hvert*“
- d) Í 3. másl. 1. mgr. 9. gr.: Í stað „*Stjórn félagsins skal boða fundi með minnst þriggja daga fyrirvara með auglýsingu á vefsíðu félagsins, í dagblöðum og/eða útvarpi eða með bréflægri tilkynningu*“ komi „*Stjórn félagsins skal boða fundi með minnst þriggja daga fyrirvara með auglýsingu á vefsíðu félagsins eða öðrum sannanlegum hætti.*“
- e) Í 2. másl. 10. gr.: Í stað „*1. desember ár hvert*“ komi „*1. apríl ár hvert*“.
- f) Í 11. gr.: Í stað „*1. október til 30. september*“ komi „*1. janúar til 31. desember*“

II. Tillögur Lilju Sigurðardóttur:

Laganefnd ræðir tillögu að breytingu á 1. másl. 4. gr. samþykktu félagsins, hvað varðar dagsetningar árlegs félagsgjald. Er þar lagt til að í stað „*1. janúar ár hvert*“ komi „*1. apríl ár hvert*“. Í ljósi tillögu í c-lið kafla I hér að framan, telur nefndin ekki ástæða að leggja til sambærilega breytingu enda um áherslumun að ræða. Nefndin leggur til að stjórn bjóði Lilju að draga til baka breytingu á framangreindum dagsetningum, í ljósi tillögu stjórnar.

Tillaga Lilju um breytingu á 5. gr. er samhljóma tillögu stjórnar, hvað varðar dagsetningu, þ.e. að í stað „Nefndin leggur til að stjórn bjóði Lilju að draga til baka þá breytingu, í ljósi tillögu stjórnar.

Laganefnd telur tillögu að breytingu í 6. gr., að á eftir 2. másl. komi „Löglegir til framboðs eru allir 18 ára og eldri, skuldlausir félagsmenn með hreint sakarvottorð“ standist ekki skoðun. Í fyrsta lagi sé ekki hægt að krefjast sakarvottorðs, í ljósi persónuverndarlaga, og að núverandi 3. másl. feli í sér að kjörgengir séu félagsmenn sem eru skuldlausir. Nefndin leggur til að stjórn bjóði Lilju að draga tillöguna til baka. Sama gildir um tillögu Lilju um hreint sakarvottorð í 17. gr., hvað varðar nefndarstörf, með sömu forsendum hvað varðar sakarvottorð.

Lilja gerir tillögu um að breyta 20. gr. þannig að í stað „5%“ komi „10%“, sem er þá samræming miðað við samþykktirnar eins og þær standa nú (sjá 9. gr.). Í ljósi neðangreindra tillagna laganefndar leggur nefndin til að stjórn bjóði Lilju að draga tillöguna til baka.

Tillögur Lilju eru, sem leggja skal fyrir aðalfund óbreyttar:

- Á eftir 3. másl. 4. gr. komi ný másl.: „Félagar 18-67 ára greiða fullt félagsgjald“.
- Í núverandi 4. másl. 4. gr.: Í stað *Félagar sem eru 67 ára og eldri geta sótt um niðurfellingu félagsgjalds*“ komi „Félagar sem eru 67 ára og eldri og öryrkjar fá 20% afslátt af félagsgjaldi ár hvert“.
- Í 2. másl. 10. gr.: Í stað „með minnst viku fyrirvara“ komi „með minnst fimm vikna fyrirvara“.

Tillögur Lilju, sem laganefnd telur ótækt að taka upp óbreytta og væri fremur rétt að fela laganefnd að endurskoða fyrir næsta aðalfund og koma með tillögu í samræmi við það, eru:

- Í 1. másl. 6. gr.: Í stað „Stjórn félagsins Stjórn félagsins skal skipa sjö menn:“ komi „Stjórn félagsins skal skipa sjö manneskjur og tvær manneskjur“.
- Á eftir 7. másl. 6. gr. komi ný másl.: „Hætti einstaklingur í stjórn áður en kjörtímabili lýkur tekur varamanneskja við viðkomandi stjórnarplássi og skal sú breyting færð í fundargerð“.

Laganefnd telur ótækt að leggja tillöguna óbreytta enda þurfi þá að tilgreina nánar skipun stjórnar, þ.á m. að kjósa þyrfti fyrsta varamann og svo annan varamann.

III. Tillaga Davíðs Áskelssonar:

Davíð Áskelsson leggur til að við 5. gr. verði bætt við annarri málsgrein. Tillagan er svohljóðandi:

- „Hver skuldlaus félagsmaður hefur eitt atkvæði á félagsfundum í félaginu, hvort sem um er að ræða almennan félagsfund, aðalfund félagsins eða eftir atvikum aðra fundi. Félagsmanni er heimilt að veita öðrum félagsmanni umboð til þess að mæta á fund í félaginu, flytja tillögur, taka til máls og greiða atkvæði fyrir sína hönd. Umboðsmaður má einungis mæta til fundar samkvæmt umboði eins félagsmanns og er því mest hægt að fara með atkvæði tveggja félagsmanna á fundi í félaginu. Skuldi umboðsmaður félagsgjöld og hefur sjálfur ekki réttindi á fundum félagsins telst umboð til hans vera fallið niður.“

Laganefnd telur að leggja skuli tillöguna fyrir aðalfundinn óbreytta. Fundurinn þurfi að taka afstöðu til tillögunnar.

IV. Tillögur laganefndar:

Laganefnd leggur til að stjórn legg til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

- a) Í 2. másl. 1. mgr. 9. gr.: Í stað „10%“ komi „5%“.

Laganefnd telur 10% vera of hátt hlutfall miðað við tilgang greinarinnar. Telur 5% vera raunhæfara hlutfall til að uppfylla þennan tilgang. Breytingin væri þá til samræmis núverandi 20. gr.

b) Í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr.: Í stað „10%“ komi „5%“

Laganefnd telur 10% vera of hátt hlutfall og því sé 5% raunhæfara og „praktískara“. Nefndin áætla að eins og staðan er nú þurfi um 120 félagsmenn að mæta svo fundur sé löglegur, miðað við 10%, sem sé óraunsæ krafa.

c) Í 2. málsl. 10. gr.: Í stað „með minnst viku fyrirvara“ komi „með minnst þriggja vikna fyrirvara“.

Laganefnd telur viku of skamman frest. Frekar eigi að miða við þrjár vikur hið minnsta. Skoðast í samræmi við tillögu Lilju sem er tillaga um fimm vikur.

d) Í 3. málsl. 20. gr.: Í stað „Lagabreytingar sem félagsmenn vilja leggja fram, skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund“ komi „Lagabreytingar sem félagsmenn vilja leggja fram, skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund“.

Tillagan miðar við að boða skuli aðalfund með þriggja vikna fyrirvara og að lagabreytingar skuli berast eigi síðar en viku seinna.

Laganefnd telur ekki ástæðu til að leggja sérstaklega til lagabreytingar vegna misrituna. Stjórn sé heimilt að leiðrétta slíkar augljósa misritun.

Fundi slitið kl. 21:40.

Fylgiskjöl:

1. Tillögur stjórnar um lagabreytingar.
2. Tillögur Lilju Sigurðardóttir um lagabreytingar.
3. Tillögur Davíð Áskelssonar um lagabreytingar.

Viðauki: Tillögur til lagabreytinga sem leggja skal fyrir aðalfund Spretts 1. apríl 2025.